

JÓLASJÓÐUR 2023

Rauði krossinn, Þjóðkirkjan, AFL starfsgreinafélag, Lionsklúbburinn Múli og Lionsklúbburinn á Seyðisfirði standa í sameiningu að Jólasjóði sem starfræktur er í samvinnu við Félagsþjónustu Múlapings. Sjóðurinn styrkir fjölskyldur og einstaklinga í Múlaþingi sem búa við þröngan kost og léttir þannig undir fyrir jólahátíðina.

Hægt er að nálgast tengil á **rafræna umsókn** inni á heimasíðu Rauða krossins www.raudikrossinn.is, heimasíðu kirkjunnar www.egilsstadaprestakall.com, heimasíðu AFLS www.asa.is og heimasíðu Múlaþings www.mulathing.is eða með því að hafa samband við Félagsþjónustu Múlapings, sem einnig veitir nánari upplýsingar.

Hægt er að styrkja sjóðinn með því að leggja inn á reikning **nr. 0175-15-380606 og kt. 530505-0570**, söfnunarreikningurinn er í nafni Safnaðarsamlags Egilsstaðaprestakalls (ekki er tekið við gjöfum eða mat).

Þeim sem styrkt hafa sjóðinn síðustu ár, þökkum við kærlega fyrir stuðninginn.

